

Nd.
um náttúruvernd.

677. Frumvarp til laga

[213. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. marz.)

Hlutverk náttúruverndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

3. gr.

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn kýs nefndarmenn til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

- 1) Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
- 2) Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands.
- 3) Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.
- 4) Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
- 5) Náttúruverndarráð.
- 6) Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.
- 7) Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.

5. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

6. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

7. gr.

Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

Ráðið skal hafa náð samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

8. gr.

Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

9. gr.

Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

10. gr.

Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

11. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir réttihafa að landinu.

Sé land girt, þarf leyfi landeiganda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

12. gr.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

Öllum er heimil berjatinsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatinslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

13. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óþrýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstaði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

14. gr.

Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

15. gr.

Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirætlum þessum, á kostnað þess, er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

16. gr.

Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvilíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

17. gr.

Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkjum náttúruminum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

18. gr.

Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirætlun um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

19. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.

Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

20. gr.

Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.

21. gr.

Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumar-
bústaði án leyfis sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar
héraðsins.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til bygg-
ingar sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan
gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og
einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um, helgar.

Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda
um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

22. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa,
eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steinteg-
unda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða
þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru
samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess
að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrir-
mælum Náttúruverndarráðs.

23. gr.

Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúru-
fræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

Friðun getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.

Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrlegu umhverfi, að
hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur
Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum,
enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

24. gr.

Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars
eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði frið-
lönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins.
Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu
leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings
og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar
aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngu-
stíga, girðingar og þess háttar.

Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því
leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu,
ef ástæður eru fyrir hendi.

25. gr.

Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg
helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa al-
menningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það
þjóðgarð, enda sé svæðið rikiseign.

Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings.

Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.

26. gr.

Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunnni að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir.

Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallið, skal það tilkynnt í Lögbirtinga- blaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa borizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.

Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917.

Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd, er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

Nú ris ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

27. gr.

Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengið fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

Framkvæmd friðlýsingar.

28. gr.

Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvangi. Skal ráðið semja skrá um slíkar minjar og slík lönd.

Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndar- aðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

29. gr.

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkjum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofta eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

30. gr.

Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra réttihafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum réttihöfum, er friðlýsingin snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

31. gr.

Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

32. gr.

Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.

33. gr.

Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkvæmt 32. gr. um friðlýsingar og friðunarákvæði birtir menntamálaráðuneytið þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjasrá samkv. 28. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, en þó þannig, að rikissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

35. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

36. gr.

Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61 1917.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956.

Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.